




Framkvæmda- fréttir 11. tbl. / 14



Göngubrú á Markarfljót

Forval vegna hönnunarsamkeppni

Bygging göngubrúar á Markarfljót við Húsadal er samstarfsverkefni Vina Þórsmerkur og Vegagerðarinnar.

Vinir Þórsmerkur

Vinir Þórsmerkur voru stofnaðir af ferðapjónustuaðilum sem hafa starfsemi í Þórsmörk árið 2011; Ferðafélagi Íslands, Útivist, Farfuglum og Kynnisferðum, auk Rangárþings eystra



Séð yfir Markarfljótsaura í Húsadal í Þórsmörk.

og Skógræktar ríkisins. Megin ástæða stofnunar félagsins var að mynda félagsskap sem sameinaði þessa aðila til að standa saman að ýmsum framfaramálum á svæðinu, sér í lagi í tengslum við náttúruvernd.

Helstu stefnumál Vina Þórsmerkur er að bæta aðgengi og öryggi ferðamanna að svæðinu. Ennfremur að stuðla að áframhaldandi framför náttúru og gróðurs á Þórsmerkursvæðinu. Stefnt er að því að koma að fræðsludögum um Þórsmörk og taka á móti sjálfbodaliðahópum til að vinna að stígagerð og gróðurbótum. Göngubrú yfir Markarfljót er eitt helsta stefnumál samtakanna á fyrstu starfsárum þess og hafa samtökin unnið að fjármögnun brúarinnar frá stofnun þeirra. Núverandi formaður Vina Þórsmerkur er Skúli Skúlason framkvæmdastjóri Útivistar. Nánari upplýsingar um Vini Þórsmerkur má m.a. sjá á heimasíðu þeirra. www.vinirthorsmerkur.is.

Verkefnið

Markmið með byggingu göngubrúar yfir Markarfljót við Húsadal er að auka öryggi og aðgengi að einum af vinsælustu ferðamannastöðum á landinu. Með aðkomu frá Emstruleið

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 11. tbl. 22. árg. nr. 629 26. maí 2014

Ritsjórn og umsjón útgáfu:

Viktor Arnar Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:

Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

► (F261) verður til ný aðkoma að Þórsmörk sem gerir fleirum kleift að njóta útivistar í Þórsmörk. Með göngubrú yfir Markarfljót við Húsadal verður til örugg og fljótleg rýmingar- og flóttaleið ef eða þegar um mikla vatnavexti er að ræða í öðrum ám á svæðinu.

Með göngubrúnni opnast einnig nýjar gönguleiðir fyrir lengri og skemmri ferðir um þetta fjölbreytta landsvæði með tengingu við Tindfjallasvæðið sem og inn með Markarfljótsgljúfrum að vestanverðu en með því móti mun vaxandi ferðamennska dreifast á fleiri stadi.

Árfarvegurinn er í dag um 140 m breiður þar sem brúarstæðið er fyrirhugað og rennur Markarfljótið þar í breytilegum kvíslum á malaraurum. Aðkoma að brúnni að austanverðu er á malaraur vestan ferðaþjónustuaðstöðu í jafri birkiskóga Húsadals. Vestan megin er aðkoman á uppblásnu og sandorpu hrauni syðst á svokölluðum Klöppum sem eru sunnan Tröllagjár. Áætlað bílaplan og áningarstaður vestan megin við væntanlegt brúarstæði liggur að mestu sunnan Klappa á malaraur, en á því svæði eru malar- og grjótnámur sem notaðar hafa verið til efnistöku af Vegagerðinni og Landgræðslu ríkisins undanfarin ár til að styrkja varnargarða Markarfljóts.

Brúargerðin hefur verið fjármögnuð með styrkjum frá Framkvæmdasjóði ferðamannastada, Ferðamálastofu, Skógrækt ríkisins ásamt framlögum til Vegagerðarinnar í vegáætlun.

Val á hönnunarteymi

Markmiðið með þessu forvali er að velja þrjú hönnunarteymi til að taka þátt í hönnunarsamkeppni fyrir nýja göngubrú yfir Markarfljót við Húsadal.

Hvert hönnunarteymi mun fá greidda þóknun að upphæð kr. 1.200.000 fyrir að leggja fram tillögur í samkeppninni. Þóknun greiðist þegar tillögum hefur verið skilað og dómnafnd hefur staðfest að framlagðar tillögur séu í samræmi við kröfur í útboðs-/forvalsgögnum.

Gert er ráð fyrir að samið verði við höfunda vinningstillögu um hönnun brúarinnar til útboðs á grundvelli áætlaðs hönnunarkostnaðurs sem verður skilað inn með tillögum. Sérstakur samningur verður gerður þar um sem byggist á ÍST 35.

Tímaáætlun verkkaupa 2014:

- | | |
|---------------|------------------------------------|
| 25. maí | Auglýst eftir hönnunarteymi |
| 6. júní | Frestur til fyrirspurna |
| 13. júní | Forvalsgögnum skilað |
| 20. júní | Þrjú teymi valin |
| 30. júní | Keppnislýsing send til þátttakenda |
| 1. september | Tillögum skilað inn |
| 10. september | Niðurstaða samkeppni |
| 1. október | Samningur um verkhönnun |

Dómnafnd verður skipuð fimm aðilum. Tveir aðilar frá Vegagerðinni, einn aðili frá Vinum Þórsmörkum ásamt óháðum arkitekt og verkfræðingi. ■

Auglýsingar útboða

Göngubrú á Markarfljót við Húsadal, hönnunarsamkeppni – forval 14-041

Vegagerðin og Vinir Þórsmörkum óska eftir ráðgjöfum til að taka þátt í samkeppni um hönnun göngubrúar yfir Markarfljót við Húsadal.

Um er að ræða opið forval þar sem valin verða þrjú hönnunarteymi til að taka þátt í samkeppni á grundvelli hæfni og fyrri reynslu.

Forvalið nefnist:

Göngubrú á Markarfljót við Húsadal, hönnunarsamkeppni - forval

Forvalsgögn verða eingöngu afhent með tölvupósti frá og með 26. maí 2014 og skal beiðni þar um send í tölvupósti til verkefnastjóra Vegagerðarinnar Guðmundar Vals Guðmundssonar, tölvupóstur: guðmundur.v.gudmundsson@vegagerdin.is

Allar fyrirspurnir og athugasemdir varðandi samkeppnina og forvalið skulu einnig berast til hans fyrir kl. 13:00, föstudaginn 6. júní 2014.

Forvalsgögnum skal skilað í lokuðu umslagi merktu heiti forvals til Vegagerðarinnar Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) fyrir kl. 13:00, föstudaginn 13. júní 2014.

Niðurstöður útboða

Vestfjarðavegur (60) um Reykjadalssá 14-028

Tilboð opnuð 13. maí 2014. Nýlögn Vestfjarðavegar um Reykjadalssá í Dalabyggð ásamt lagfæringum á Hlíðarvegi og Fellsendavegi, alls um 1,3 km.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	1.400 m ³
Fyllingar	26.000 m ³
Fláafleygar	8.200 m ³
Lenging og endurlögn ræsa	40 m
Neðra burðarlag	2.400 m ³
Efra burðarlag	2.100 m ³
Tvöföld klæðing	8.800 m ²
Frágangur fláa og núverandi vega	24.700 m ²

Útlögn neðra lags klæðingar á Vestfjarðaveg skal lokið fyrir 25. júlí 2014 og öllum klæðingum fyrir 15. ágúst 2014. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. september 2014.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
7	Ingileifur Jónsson, Reykjavík	45.559.000	120,2	7.860
6	Jökullfell ehf., Reykjavík	45.152.000	119,1	7.453
5	Vélaþjónustan Messuholt ehf. og Fjörður ehf., Sauðárkróki	45.143.450	119,1	7.444
4	Óskatak ehf., Kópavogi	42.668.300	112,6	4.969
3	Vörubifreiðastjórastjórnun Mjöltnir, Selfossi	41.759.000	110,2	4.060
2	Próttur ehf., Akranesi	39.942.900	105,4	2.244
---	Áætlaður verktakakostnaður	37.900.000	100,0	201
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	37.699.000	99,5	0

Vetrarþjónusta 2014 - 2017, Akranes - Reykjavík og Þingvallavegur 14-035

Tilboð opnuð 13. maí 2014. Vetrarþjónusta árin 2014 – 2017 á eftirtöldum meginleiðum: Hringvegur (1):

Nesbraut - Hvalfjarðargöng, 21 km
Hvalfjarðargöng – Akrafjallsvegur við Urriðaá, 11 km

Akrafjallsvegur (51), Akranesvegur (509)

og Innnesvegur (503):

Akranes – Hringvegur við Hvalfjarðargöng, 12 km

Grundartangavegur (506):

Hringvegur – hafnarsvæði, 2,5 km

Hvalfjarðarvegur (47):

Hringvegur – Hringvegur, 61 km

Þingvallavegur (36),

Hringvegur - Lyngdalsheiðarvegur, 45 km

Kjósakarðsvegur (48)

Hvalfjarðarvegur – Meðalfellsvegur, 11 km

Hafravatnsvegur

Hringvegur – Sólvellir, 2 km

Helstu magntölur á ári eru:

Meðalakstur vörubíla: 40.000 km

Biðtími vélamanns: 50 klst.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Próttur ehf., Akranesi	35.335.000	136,3	13.535
4	IJ Landstak ehf., Reykjavík	27.250.000	105,1	5.450
3	Fljótavík ehf., Reykjavík	26.917.750	103,8	5.118
---	Áætlaður verktakakostnaður	25.925.000	100,0	4.125
2	T2 ehf., Reykjavík	22.960.000	88,6	1.160
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	21.800.000	84,1	0



Vaðlaheiðargöng, stada framkvæmda 19. maí 2014. Búið er að sprengja 2.375 m frá Eyjafirði sem er 33,1% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.170 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is




Norðfjarðargöng, stada framkvæmda 19. maí 2014. Búið er að sprengja samtals 1.547 m sem er 20,5% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.austurfrett.is

Framkvæmdir 2014

Helstu verk í vega- og brúagerð sem unnið er að á árinu.

Kort sem sýnir framkvæmdir við sjóvarnir og hafnargerð mun birtast í næsta blaði.





Annual Bridge Conference 2014
New Bridges with new Technology
3 - 4th of September 2014, Reykjavik Iceland
Organised by NVF Icelandic Bridges Technical Committee

Þessi kynning er birt
 hér á ensku sem er
 tungumál ráðstefnunnar

The goal of the conference is to review and discuss new technologies and requirements in Nordic bridge engineering. These are related to, but not limited to, implementation of large bridge projects; use of product modelling; structural monitoring; adoption of the Eurocodes and harmonized European standards; and need of increasing weights of heavy transports. The conference is continuation of the annual bridge conference series arranged by the NVF Bridges Technical Committee. It allows Nordic and Baltic bridge experts to network and share expertise in issues specific to the Nordic bridge stock, geographical area and bridge management routines.

The conference is intended to Nordic and Baltic bridge engineers, contractors and clients.

About organizers

The Nordic Road Association (www.nvfnorden.org) aims at developing the road transport sectors in Northern Europe through professional cooperation between experts from all Nordic Countries. NVF was founded 1935 and has reached well known and recognized status among professionals on its field. Bridges Technical Committee handles bridge

Conference Program

- Wednesday, September 3, 2014
- 08:45 Opening of conference BE
- 09:00 09:20 The latest news from the ferry free fjord crossing *Olav Lahus NO*
- 09:20 09:40 The new technology in large span bridges, among them the Oslo fjord crossing *Børre Stensvold NO*
- 09:40 10:00 Outcome of international bridge design competition Crown Bridges in Helsinki *Ville Alajoki, City of Helsinki FI*
- 10:00 10:20 Pearl Chain Bridge *Gunnlaugur Robertsson DK*
- 10:20 10:40 Coffee break
- 10:40 11:00 Use of composite materials on bridge structures *Julija Ivanova, Latvia LA*
- 11:00 11:20 Ölfusárbrú – bridge monitoring *Guðmundur Valur Guðmundsson IS*
- 11:20 11:40 Implications of new 76 t trucks to Bridge Eurocodes in Finland *Heikki Lilja, Finnish Transport Agency FI*
- 11:40 12:00 Our latest standard ferry quays *NN NO*
- 12:00 13:00 Lunch
- 13:00 13:20 Copenhagen Inner Harbour Bridge *Amar Bahra, Flint & Neill Ltd DK*
- 13:20 13:40 When an Icelandic artist designs bridges *Lars Thorbek, Rambøll DK*
- 13:40 14:00 Experiences of product modelling in bridge construction projects *Atte Mikkonen, WSP FI*
- 14:00 14:20 Product modelling of bridges in Ring Road III airport junction upgrade *Esko Rechartt, A-Insinöörit Oy FI*
- 14:20 14:40 The Sundsvall Bridge, E4 Sundsvall Project *Ove Malmberg, Swedish Transport Administration SE*
- 14:40 15:00 Coffee break
- 15:00 15:20 The Söderström Tunnel, Stockholm City Line Project *Håkan Ahlström, Swedish Transport Adm. SE*
- 15:20 15:40 Tuning the cable-stayed bridges harp -Pedestrian bridges over Elliðaár *Sigurður Ingi Ólafsson IS*
- 15:40 16:00 A bridge in Qatar *Jesber Rasmussen, Cowi DK*
- 16:00 16:30 Discussion
- 16:30 16:50 Practical informations
- 16:50 17:00 End of day 1

engineering tasks under the auspices of NVF. The tasks are mostly specific to Nordic and Northern European existing and new bridge stock. Among other activities, the Committee arranges annual seminars on various technical matters.

Practical Information

Conference language is English. Conference venue is Radisson BLU Hotel Saga, Hagatorg, 107 Reykjavík. Conference dinner will be held in Idnó, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík (the old city theater) by the Pond in the center of Reykjavík.

Excursion, Sept. 4 th is included in registration fee.

Information and on-line registration:

<http://www.nvfnorden.org/hemsida/seminarer/>



Pedestrian bridges over Elliðaár

Auglýsingar útboða

Endurbætur á Biskupstungnabraut (35) 2014 14-004

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í styrkingu á 3,8 km Biskupstungnabrautar (35) ofan Múla, ásamt útlögn klæðingar og frágangi.

Helstu magntölur eru:

Fláafleygar	8.250 m ³
Fylling	4.050 m ³
Þurrfræsun	25.495 m ²
Neðra burðarlag	18.815 m ³
Ræsi	96 m
Efra burðarlag	5.400 m ³
Tvöföld klæðing	32.775 m ²
Frágangur fláa	30.225 m ²


Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2015.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 26. maí 2014. Verð útboðsgagna er 5.000 krónur.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 10. júní 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Gufunesvegur í Grafarvogi. Myndin er úr safni Jóns J. Víðis en ekki dagsett. Í safninu eru fleiri myndir teknar þennan dag og þar má sjá áburðarverksmiðjuna í Gufunesi sem hóf starfsemi 1954. Hér er giskað á að myndin sé tekin nokkrum árum síðar, væntanlega að kvöldlagi snemma vors.



Brú yfir Grafarvog, Gullinbrú, var byggð 1984 og fljótlega eftir það var gamli Gufunesvegurinn lagður af. Nú þjónar vegurinn sem heimreið að sjúkrahúsinu Vogu en framhald gamla vegarins er nú gönguleið.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
14-029 Reykholtaldalsvegur (519) og Hvítársíðuvegur (523), Stóri Ás - Gilsbakki	2014
14-003 Hringvegur(1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur	2014
14-019 Krýsuvíkurvegur (42) 2014	2014
14-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði 2014	2014
14-006 Endurbætur á Hringvegi (1) í Reykjadal	2014
13-074 Landeyjahöfn - lenging flóðvarnargarðs og aðkomuvegur	2014
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2014

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
14-004 Endurbætur á Biskupstungnabraut (35), 2014	26.05.14	10.06.14
14-041 Göngubrú á Markarfljót, hönnunarsamkeppni - forval	26.05.14	13.06.14
14-040 Vestmannaeyjar, endurbygging Binnabryggju, þekja (útboð auglýst í dagblöðum)	12.05.14	27.05.14
14-013 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2014, malbik	12.05.14	27.05.14

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
14-028 Vestfjarðavegur (60), um Reykjadal	28.04.14	13.05.14
14-035 Vetrarþjónusta 2014-2017, Akranes - Reykjavík og Þingvallavegur	28.04.14	13.05.14
14-036 Vetrarþjónusta 2014-2017, Borgarnes - Akranes og Brattabrekka	28.04.14	13.05.14
14-027 Upphéraðsvegur (931), Bolalækur - Brekkugerði	14.04.14	06.05.14
14-005 Hringvegur (1), Hvalnesskriður, hrunvarnir	14.04.14	29.04.14
14-018 Dettifossvegur (862), Tóveggur - Norðausturvegur	14.04.14	06.05.14
14-026 Vetrarþjónusta 2014-2019, Reykjanesbraut - Suðurnes	14.04.14	06.05.14
14-025 Vetrarþjónusta 2014-2019, Höfuðborgarsvæðið	14.04.14	06.05.14
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Kambshóll	07.04.14	22.04.14
14-030 Gras- og kantsláttur á Suðursvæði 2014-2015	31.03.14	15.04.14
14-020 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, vestur hluti	31.03.14	15.04.14
14-021 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, austur hluti	31.03.14	15.04.14
14-022 Vetrarþjónusta 2014-2019, Rangárvallasýsla og Flói	31.03.14	15.04.14
14-023 Vetrarþjónusta 2014-2019, uppsveitir Ánessýslu	31.03.14	15.04.14
14-024 Vetrarþjónusta 2014-2019, vegir á svæði Selfoss - Reykjavík	31.03.14	15.04.14
14-033 Seyðisfjarðarvegur (93) Fjarðarheiðargöng, rannsóknarboranir 2014	24.03.14	08.04.14

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
14-008 Yfirlagnir á Austursvæði 2014, klæðing	24.03.14	08.04.14
14-017 Hvammavegur (853), Staðarbraut - Kísilvegur, bundið slitlag	24.03.14	08.04.14
14-016 Svínvetningabraut (731), klæðingarendi - Kaldakinn	10.03.14	01.04.14
14-030 Borgarfjarðarhreppur, styrking brimvarnar við Hafnarhólma 2014-2015	10.02.14	25.02.14
14-032 Akureyri - endurbygging Togarabryggju, þekja og lagnir	10.02.14	25.02.14

Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
14-014 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, repave/fræsing og malbik Loftorka Reykjavík ehf., kt. 571285-0459	08.04.14	16.05.14
14-012 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, malbik Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf., kt. 420187-1499	08.04.14	14.05.14
14-009 Yfirlagnir á Suðursvæði 2014, klæðing Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	08.04.14	09.05.14

Niðurstöður útboða

Vetrarþjónusta 2014 - 2017, Borgarnes - Akranes og Brattabrekka 14-036

Tilboð opnuð 13. maí 2014. Vetrarþjónusta árin 2014 - 2017 á eftirtöldum meginleiðum: Akrafjallsvegur (51):

Akranesvegur – Hringvegur við Urriðaá, 11 km

Hringvegur (1):

Akrafjallsvegur – Norðurárdalsvegur við Krók, 72 km

Snæfellsnesvegur (54):

Hringtorg Borgarnesi – vegamót við Heydalsveg, 38 km

Vestfjarðavegur (60)

Hringvegur – Breiðabólstaður, 17 km

Helstu magntölur á ári eru:

Akstur mokstursbíla er áætlaður 27.000 km

Biðtími vélamanns er áætlaður 40 klst.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2017.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	T2 ehf., Reykjavík	21.125.000	120,4	5.305
2	Kolur ehf., Búðardal	17.980.000	102,5	2.160
---	Áætlaður verktakakostnaður	17.540.000	100,0	1.720
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	15.820.000	90,2	0